

FW: Húsfundur húsfélags Suðurtanga 2

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Heiti : FW: Húsfundur húsfélags Suðurtanga 2
Málsnúmer : 2019050091
Málsaðili : Sæfari,fél áhugam um sjósp Ísaf
Skráð dags : 04.09.2020 11:03:24
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir

From: Straumur ehf [<mailto:straumur@snerpa.is>]

Sent: fimmtudagur, 3. september 2020 16:57

To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>

Subject: RE: Húsfundur húsfélags Suðurtanga 2

Sæll Birgir.

Ég hef skoðað þennan samning.

Einu athugasemdirnar við hann að minni hálfur eru þessar.

4. grein uppgjör gjalda:

Þar stendur " að engu undanskildu" Ég vil að það sé á hreinu að allar skuldbindingar sem Húsfélagið stendur fyrir vegna frammhvæmda við húsið að utan falli ekki á seljanda. Þó svo að ef ólíklega vildi til að einhver kostnaður falli á húseignina fyrir 1.október næstkomandi. Enda hefur verið gert ráð fyrir að sá kostnaður hafi þegar verið dreginn frá kaupverði.

Ég vil svo koma að öðru.

Torfi Einarsson hitti mig að við ræddum um þetta. Innan Sæfara er mikill vilji til að halda áfram þeim rekstri sem hefur verið í húsinu hingaðtil. Það er ekkert launungarmál að við erum að reka þarna mjög mikilvægt íþróttastarf og ástæðan fyrir því að þetta húsnæði er selt er sú að við erum komin upp að vegg í kostnaði og vega þar hæst fasteignagjöld til Ísafjarðarbæjar og þær frammhvæmdir sem verið er að fara í að utan.

Einnig hefur það mikið að seigja að húsnæðið er nú í eigu einkaaðila og er voðalega erfitt að ná upp þeim anda, að við sem félag séum að byggja upp eitthvað saman með sjálfboðavinnu ef fyrirkomulagið er eins og það er í dag.

Okkar hugmyndir um frammhaldið eru einfaldar.

- a) Að bærinn afhendi húsnæðið til Sæfara til reksturs. Sæfari myndi þá sjá um húsvörslu og viðhald innandyra annað en það sem kemur að kerfum húsin.
- b) Sæfari ræki húsið og notaði þau aðstöðugjöld sem kæmu af rekstrinum til að byggja enn frekar upp það barnastarf og þá frábæru aðstöðu sem í húsinu er.
- c) Með þannig fyrirkomulagi væri hægt að fjölga þeim sem húsnæðið nota og stuðla að fjölbreittari flóru íþróttanna innana Ísafjarðarbæjar sem allt sjósport vissulega er.
- d) Það sem vinnst fyrir bæjarfélagið með fyrirkomulagi sem þessu er að ekki mun falla kostnaður á bæinn við eftirlit með húsinu og einning að starfsemin mun veita þeim sem ekki passa undir aðrar afþreyingar eða íþróttir sem í boði eru geta fundið

sér farveg til að byggja upp eitthvað skemmtilegt og gefandi okkur öllum til framdráttar.

Vonast ég til að geta rætt þessar hugmyndir með opnum huga við þá aðila sem þessu bæjarfélagi stjórna. Og að þær samræður leiði til þess að fundin verði flötur sem allir aðilar geti verið ánægðir með.

Óska ég hér með eftir því að samræður um þetta mikilvæga mál geti hafist fljótlega.

kveðja

Rafn Pálsson.